

Eftirfarandi er lýsing á búnaði og aðferð til slagregnsprófunar á ísetningu glugga.

Undirbúningur:

1. Það þarf að vera búið að setja tappana í öll adjufix götin.
2. taka skal einn plast tappa af adjufix festingu úr botnstykkinu, fjarlægja skrúfuna og skrúfa adjufixið alveg til baka að glugganum.
3. gera gat á plasttappann fyrir slöngu, setja slönguendann í gegn um gatið þannig að hann fari niður undir gatið ísteininum og koma tappanum aftur fyrir í gatinu.
4. gæta skal að slangan sitji þétt í gatinu.
5. þræða hinn enda slöngunnar í gegnum annað mælagatið á plötunni
6. blása og sjúga í slönguna til að kanna hvort það sé nokkur mótstaða.

Ef ekki er verið að leita að leka.


7. Þá er hægt að nota krossvið sem nær út fyrir brúnir gluggans

Ef verið er að leita að leka

8. nota plötu úr 10 – 12 mm plexi eða útbúa timburgrind með gegnsæju plasti.
(dæmi: plast sem notað í glugga í tjöldum sem sést vel í gegnum)
9. setja þéttlista (t.d. glerjunarborða) sem næst brún á gluggagati til að þétta á milli grindar/plötu og veggjar.
10. grindin/platan er sett yfir gatið og skrúfuð eða teypuð á vegginn að innanverðu.
11. ef nota á plast á grind þarf að setja 150 mm þverslá í miðjuna til að koma fyrir götum fyrir ryksugu, tvo mæla og gat með stilliloku.
12. gera þarf eftirtalin göt á plötuna eða þverslánna í grindinni.
 - a. stærð á gati fyrir ryksugu þarf að falla vel að ryksugustút
 - b. gat fyrir stillispjald ca 70 mm og leppur yfir sem er festur með skrúfu í einu horninu þannig að það sé hægt að stilla opið á gatinu frá alveg opin og niður í alveg lokað..
 - c. götin fyrir mælana skulu vera 7 mm hvort.
13. ef glugginn er stór og það er verið að nota plast þarf að styrkja plastið með þverlám umfram þá sem er með götunum þannig að plastið sjúgist ekki of mikið inn að glugganum.



Það þarf að vera ca 150 mm slá fyrir götin sem þurfa að vera til staðar.
Sláin þarf að vera tvöföld þannig að plastið klemmist á milli tveggja flata til að það rifni ekki út frá götunum.



Mynd af götum á plötu eða þverslá, allt ca mál.

Platan nái ca 10 cm út fyrir brúnir á gluggagati

F. HANSEN

Gæðastjórnun og slagregnsprófanir



Mismunandi útfærslur af uppsetningu á lokunum vegna slagregnsprófunar.

Hafnarfirði 15.04.2019

Höfundur

Ferdinand Hansen